

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 5. desember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um mál nr. 314 um breytingu á lögum nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um úttektir faggilts aðila.

Almennt álit

Faggilding á ákveðnum þáttum sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með er viðbót við núverandi eftirlit og kemur til með auka kostnað fyrirtækjanna.

Athugasemd við enistaka greinar

Ekki er þörf á að breyta grein 23 í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ákvæði um faggildingu eftirlitsaðila í grein 22 hefur aldrei verið notað, líklega vegna þess að ekki hefur þótt ástæða til, hinsvegar er krafa um háskólamenntun gerð á heilbrigðisfulltrúa.

Rökstuðningur og athugasemdir við greinargerð

Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld hafa haft það sem stefnu að íþyngja ekki atvinnulífinu með auknum kostnaði við eftirlit. Faggilding skoðunaraðila getur hentað vel þar sem um er að ræða athugun á því hvort tæki eða tól uppfylli þá staðla sem um þá gilda. Hinsvegar hefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftirlit með ca. 10.000 fyrirtækjum og stofnunum sem flokkuð eru í um 390 fyrirtækja flokka. Ólíklegt er að staðlar finnst um alla starfsemi. Í reglugerð um öryggi leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 er ákveðinn hluti af eftirliti með leiksvæðum fluttur til faggiltra skoðunaraðila. Ábyrgðin á eftirlitinu er eftir sem áður hjá hinum opinbera eftirlitsaðila í þessu tilviki Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Í dag í byrjun desember 2005, þremur árum síðar, hefur enginn aðili fengið faggildingu til að ákvarða hvort leiksvæði og leikvallartæki uppfylli staðla. Einn aðili er langt kominn í faggildingarferlinu. Hvaða samningsstöðu hafa sveitarfélög og eigendur leiksvæða gagnvart einum faggiltum aðila?

Eftirlit með leiksvæðum verður því þríþætt (þegar fagiltur aðili er kominn fram) þ.e. rekstrarskoðun eiganda leiksvæðis þ.e. daglegt eftirlit og innra eftirlit, faggilt skoðun á því hvort staðlar séu uppfylltir og eftirlit heilbrigðiseftirlits. Eftirlitsgjöld heilbrigðiseftirlits eru fengin út samkvæmt fyrirmynd sem unnin var hjá Umhverfissráðuneytinu. Þar er tímanum deilt niður í undirbúningstíma, ferðatíma, viðveru, og tíðni. Tíðnin er ákvörðuð í reglugerð. Í dæminu um leiksvæðin verður tíðnin sú sama, ferðatíminn sá sami og undirbúningstíminn sá sami en viðdvölin á staðnum sem áður hefur farið í að yfirfara leiktæki og umhverfi og benda á slysaáhrifur kemur til með

að snúast meira um að yfirfara pappíra og fylgja eftir úrbótum þannig að viðverutíminn kemur ekki til með að stytta. Það er því ljóst að skoðun faggiltra skoðunaraðilar er hrein viðbót sem þýðir aukinn kostnað við eftirlit. Þetta hefur vonandi í för með sér öruggara og tryggara umhverfi fyrir börnin.

Gerð er athugasemd við greinargerð frá fjármálaráðuneytinu um að þetta muni ekki hafa kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður á og rekur margvíslega starfsemi sem er undir eftirlit. Þannig er áætlað að opinberar stofnanir (ríki og sveitarfélög) á Vestfjörðum greiði 43% af eftirlitsgjöldum. Við aukið eftirlit kemur sú viðbót jafnt á ríkisstofnanir og önnur fyrirtæki.

Með kveðju



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi